

Reykjavík, 10. nóvember 2017
R17110062

Starfshópur Háskóla Íslands og Reykjavíkurborgar um uppbyggingu stúdentagarða og stækkun vísindagarðareits á háskólasvæðinu

Hjálögð drög að erindisbréfi starfshóps Háskóla Íslands og Reykjavíkurborgar um uppbyggingu stúdentagarða og stækkun vísindagarðareits á háskólasvæðinu eru lögð fram til kynningar. Hlutverk starfshópsins er að fylgja eftir samkomulagi um uppbyggingu stúdentagarða og stækkun vísindagarðareits á háskólasvæðinu, frá 2. mars 2016 og þær athugasemdir sem komið hafa fram um nýtingu á lóð nr. 29 við Hringbraut fyrir stúdentagarða.

Dagur B. Eggertsson

Hjálagt:

Drög að erindisbréfi starfshóps Háskóla Íslands og Reykjavíkurborgar um uppbyggingu stúdentagarða og stækkun vísindagarðareits á háskólasvæðinu.

ERINDISBRÉF

Starfshópur Háskóla Íslands og Reykjavíkurborgar um lóðir fyrir stúdentagarða

Ábyrgðarmenn:

Borgarstjórinn í Reykjavík og rektor Háskóla Íslands.

Inngangur:

Með samningi um lóðir Háskóla Íslands frá 1. september 2014 milli Reykjavíkurborgar, Háskóla Íslands og ríkissjóðs, er m.a. ákvarðað um afmörkun og nýtingu lóða á háskólasvæðinu og að Reykjavíkurborg og Háskóli Íslands hafi samráð um uppbyggingu á svæðinu. Unnið hefur verið að framtíðarskipulagi háskólasvæðisins og liggur fyrir tillaga að rammaskipulagi þess.

Samningur Reykjavíkurborgar, Háskóla Íslands og Vísindagarða frá 2. mars 2016 var gerður til að framfylgja sameiginlegum áformum aðila, m.a um uppbyggingu stúdentagarða. Á fundi háskólaráðs 7. september sl. var rætt um viðbrögð við hugmyndum um byggingu við Gamla-Garð og samþykkt meðfylgjandi bókun þar sem fram kemur að í ljósi athugasemda sem fram hafa komið telji háskólaráð brýnt, að svo stöddu, að rektor taki málið upp við borgarstjóra hið fyrsta og að fulltrúar Háskólans fari yfir stöðuna með umhverfis- og skipulagssviði Reykjavíkur.

Borgarstjóri og rektor áttu fund ásamt fulltrúum beggja aðila, þ.á m. stúdenta og Félagsstofnunar stúdenta, 31. október sl., þar sem farið var yfir málið og sammælt um að skipa fyrrgreindan starfshóp sem skili niðurstöðu eftir sex vikur frá skipun, þ.e. eigi síðar en 31. desember nk.

Hlutverk:

Hlutverk starfshópsins er að farið verði vandlega yfir málið að nýju með það að markmiði að breið sátt náist um nýtingu lóðarinnar nr. 29 vð Hringbraut, sbr. ályktun háskólaráðs, og eftir atkvikum skilgreina og aðra uppbyggingarmöguleika fyrir stúdetnagarða, sbr. samninga og markmið þar um.

Skipan starfshóps:

- Sigríður Sigurðardóttir, sviðsstjóri framkvæmda- og tæknisviðs HÍ
- Eiríkur Hilmarsson, framkvæmdastjóri Vísindagarða HÍ
- Ragna Sigurðardóttir, formaður Stúdentaráðs HÍ
- Guðrún Björnsdóttir, framkvæmdastjóri Félagsstofnunar stúdenta
- Ólöf Örvarsdóttir, sviðsstjóri umhverfis- og skipulagssviðs
- Hrólfur Jónsson, skrifstofustjóri eigna- og atvinnuþróunar

Sigríður Sigurðardóttir og Hrólfur Jónsson kalla hópinn saman og leiða starfið.

Starfstími:

Starfshópurinn skili ábyrgðarmönnum niðurstöðu eigi síðar en 31. desember 2017.

Reykjavík, 13. nóvember 2017

Dagur B. Eggertsson
Borgarstjóri Reykjavíkur

Jón Atli Benediktsson
Rector Háskóla Íslands

Hjálagt:

Bókun háskólaráðs Háskóla Íslands 7. september 2017.

Samkomulag um uppbyggingu stúdentagarða og stækkun vísindagarðareits á háskólasvæðinu dags. 2. mars 2016.

Bókun háskólaráðs Háskóla Íslands 7. september 2017:

„Um fyrirhugaða uppbyggingu stúdentagarða á lóð nr. 29 við Hringbraut

Með bréfi Minjastofnunar Íslands til Umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkur, dags. 17. ágúst sl., eru settar fram alvarlegar athugasemdir Minjastofnunar Íslands og Húsafriðunarnefndar um tillögu að breytingu á deiliskipulagi á lóð Gamla Garðs við Hringbraut 29, sem auglýst var af hálfu Reykjavíkurborgar í byrjun júlí sl.

Reyndar hafði Minjastofnun Íslands áður gert alvarlegar athugasemdir við fyrirhugaðar framkvæmdir og af því tilefni hafði rektor ritað bréf til Umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkur, dags. 7. júlí sl. Þar sem lögð er áhersla á að mikilvægt sé að ráðrúm gefist til þess að fara yfir málið að nýju og óskað er eftir því að Háskóli Íslands fái að skila inn umsögn eftir fyrirhugaðan fund háskólaráðs 7. september. Frestur var gefinn til 11. september.

Fyrir liggur samningur um að Háskóli Íslands og Reykjavíkurborg skuli hafa samráð um uppbyggingu og nýtingu lóða á háskólasvæðinu. Jafnframt liggur fyrir samningur háskólans og borgarinnar um uppbyggingu á lóð Gamla Garðs við Hringbraut 29 og að lóðinni hafi verið ráðstafað til Félagsstofnunar stúdenta. Að svo stöddu er ljóst að einungis er um hugmyndir að ræða um aukið byggingamagn. Engin formleg samþykkt liggur fyrir um deiliskipulag.

Að fengnum alvarlegum athugasemdum Minjastofnunar og Húsafriðunarnefndar og einnig ábendingum sem fram komu í niðurstöðu dómnefndar um vinningstillögu í hugmyndasamkeppni um viðbyggingu við Gamla Garð og nýbyggingu á lóð sunnan hans, er nauðsynlegt að staldra við og endurskoða í samráði við Reykjavíkurborg hvort og þá með hvaða hætti unnt geti verið að nýta lóðina fyrir stúdentagarða eða að finna þeim annan stað á háskólasvæðinu.

Þar sem um er að ræða mjög viðkvæmt svæði sem stjórnendum háskólans og Reykjavíkurborgar er trúað fyrir á hverjum tíma er mikilvægt að farið verði vandlega yfir málið að nýju með það að markmiði að breið sátt náist um nýtingu lóðarinnar. Fram hafa komið málefnaleg sjónarmið og ber því að staldra við og vega og meta framhaldið, kosti og galla, og mögulegar nýjar lausnir með það að markmiði að leiða mál til farsælla lykta í góðri sátt. Af hálfu háskólans snýst málið fyrst og fremst um nýtingu tiltekinnar lóðar og ásýnd og skipulag háskólasvæðisins. Engin breyting er á vilja háskólans til uppbyggingar stúdentagarða.

Í ljósi fyrrgreindra athugasemda og umsagnar dómnefndar telur háskólaráð brýnt, að svo stöddu, að rektor taki málið upp við borgarstjóra hið fyrsta og að fulltrúar háskólans fari yfir stöðuna með Umhverfis- og skipulagssviði Reykjavíkur.“